**Ed. 535. Breytingartillögur [209. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „Fyrir hjón 35000 kr.“ komi: Fyrir hjón 40000 kr.
   b. Málsliðurinn, sem hefst á orðunum „Fyrir hvert barn“, orðist svo:
      Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt því, sem hér greinir: Fyrir 1. barn 6000 kr., fyrir 2. barn 6500 kr., fyrir 3. barn 7000 kr. og þannig áfram, að frádrátturinn hækki um 500 kr. fyrir hvert barn.
2. Við 6. gr. Liður A. 1 orðist þannig:
   A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:
      1. Einstaklingar og hjón:
         Af fyrstu 30000 kr. 10%.
         Af 30—40 þús. kr. 3000 kr. af 30 þús. kr. og 15% af afgangi.
         — 40—50 — — 4500 — — 40 — — — 20% — —
         — 50—60 — — 6500 — — 50 — — — 25% — —
         — 60 þús. kr. og þar yfir 9000 kr. af 60 þús. kr. og 30% af afgangi.

Heimilt er að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 2000 kr.